

Miðvikudaginn 26. maí 1943.

Nr. 103/1942: **Réttvísinn og valdstjórnin** (Sigurður Ólason)  
gegn

**Jósep M. Thorlacius** (Garðar Þorsteinsson).

Gjaldþrot. Refsiverð ívilnun lánardrottins. Brot á lögum um bókhald.

### Dómur hæstaréttar.

J. E. Thomsen var sjálfur staddur á Siglufirði þann 29. ágúst 1939, er hann lét framkvæma kyrrsetningu hjá ákærða. Hafði ákærði þá eytt af andvirði aflahluta Thomsens, sem hann hafði skuldbundið sig til að leggja inn á bankareikning firmans J. E. Thomsens Eftirfölgere. Ákærði, sem vanrækt hafði að halda bækur um reksturinn, lagði þá fram reikning yfir viðskipti aðilja, eins og hann taldi þeim þá háttað. Thomsen athugaði reikning þenna og lagði síðan 30. ágúst fram nýjan reikning af sinni hálfu, er sýndi hærri skuld ákærða. Játtaði ákærði þessum nýja reikning og greiddi nokkuð af honum með ávísunum, en samþykkti vixil fyrir eftirstöðvunum, kr. 2379.90. Lýsti Thomsen þá yfir því, að hann sætti sig við skil ákærða á viðskiptum þeirra til þess dags. Verður að fallast á, að Thomsen hafi með yfirlýsingu þessari fallið frá refsikröfu vegna viðskiptanna, enda er ekki sannað, að ákærði hafi vísitandi sagt honum rangt til um einstök atriði viðskipta þeirra.

Daginn áður en fyrrgreind kyrrsetningargerð hófst, hafði ákærði greitt Jóni Björnssyni frá Hól 1800 krónur til lúknningar gamallar skuldar. Eins og fjárhag ákærða var þá komið, varðar þessi greiðsla við 250. gr. 4. tölulið laga nr. 19/1940, sbr. 263. gr. alm. hegningarlaga frá 25. júní 1869. Þykir refsing ákærða fyrir brot þetta svo og bókhaldsbrot það, er í héraðsdómi greinir, hæfilega ákveðin fangelsi tvo mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði ber að staðfesta, svo ber ákærða og að greiða allan áfrýj-

unarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 600 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Jósep M. Thorlacius, sæti fangelsi tvo mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði á að vera óraskað. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Sigurðar Ólasonar og Garðars Þorsteinssonar, 600 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### Dómur aukaréttar Reykjavíkur 24. ágúst 1942.

Ár 1942, mánudaginn 24. ágúst, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu réttarins af Jónatan Hallvarðssyni saka-dómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1981/1942: Réttvisin og valdstjórnin gegn Jósep Magnússyni Thorlacius.

Málið var höfðað gegn ákærðum fyrir brot gegn 26. og 27. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 1940, sbr. almenn hegningarlög frá 25. júní 1869, og lögum nr. 62 1938 um bókhað.

Ákærður er Jósep Magnússon Thorlacius verzlunarmaður til heimilis Frakkastíg 22 hér í bæ. Hann er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 24. maí 1900 að Steintúni í Skeggjastaðahreppi. Hann hefur sætt eftirtöldum kærnum og refsingum hér í lögsagnarundæminu:

1937  $\frac{1}{6}$  Áminning fyrir ölvun.

1939 Kærður fyrir svik. Kæran afgreidd til lögreglunnar í Kaupmannahöfn, þar sem ákærður þá var búsettur.

1941  $2\frac{1}{6}$  Réttarsætt: 25 króna sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Öðrum kærnum eða refsingum hefur ákærður ekki sætt.

Sumarið 1939 kom ákærður hingað til lands frá Kaupmannahöfn, þar sem hann undanfarið hafði dvalið, og tók að stunda útgerð á síldveiðar frá Siglufirði. Leigði hann til útgerðarinnar 2 skip frá Færeyjum. Á síldveiðunum varð tap, og endaði þessi rekstur hans með því, að eigandi annars hinna leigðu skipa lét framkvæma hjá honum kyrrsetningu hinn 29. og 31. ágúst um sumarið og krafðist síðan gjaldprotaskipta hinn 7. nóv. Var ákærður síðan úrskurðaður gjaldproti hinn 5. júlí 1940. Engar eignir komu fram í búinu og var innköllun til skuldheimtumanna því ekki gefin út.

Bókhald hélt ákærður ekki um rekstur sinn. Hann afhenti réttinum möppur með skjölum og reikningum, er hann hafði haldið saman og reksturinn varða, og fékk rétturinn endurskoðendur til að fara yfir það. Við þá athugun reyndist ekki unnt að gera heildaryfirlit um rekstur útgerðar ákærðs né finna, hve miklar tekjur hann hafði haft eða hvernig þeim var ráðstafað, nema að litlu leyti.

Eigandi annars þeirra skipa, er ákærður hafði á leigu, Henry Freemann, var firmað J. E. Thomsens Efterfølgere, Færeyjum. Að gefnu tilefni frá firmanu beindist rannsóknin að viðskiptum ákærðs við það.

Leigusamningurinn um skipið var dagsettur hinn 22. maí 1939. Samkvæmt honum bar eiganda „58½% af brutto Fangsten“ fyrir það, er hann lagði til. Var nánar tekið fram, hvernig útgerðarkostnaður skiptist milli eiganda og leigjanda, en sumt átti að takast af óskiptum afla. Því næst kom svolátandi ákvæði í samningnum:

„Salget af Silden skal fortages paa den Maade, at hver Tur skal göres op for sig og skal Ejerens og Besætningens Andel af Fangsten betales ind paa Ejerens Konto i Útvegsbanki Íslands.“

Síðar í samningnum er svolátandi ákvæði:

„Endeligt Opgør og Betaling af Fangsten, samt endelig Overførelse af Ejerens og Besætningens Andel skal finde Sted inden 30. September 1939, dog skal saa meget som muligt overføres i Juli og August Maaneder.“

Viðskiptum þeirra J. E. Thomsens Efterf. og ákærðs kom svo, að hinn 29. ágúst 1939 bað firmað um kyrrsetningu hjá ákærðum, eins og áður segir, og nam þá skuld hans samkvæmt yfirlitsreikningi þess kr. 6822.40, en samkvæmt yfirliti ákærðs kr. 5358.13. Taldi firmað aflahluta sinn ekki nema að litlu leyti hafa verið gerðan upp jafnóðum og greiddan. Við kyrrsetninguna greiddi ákærður firmanu ávisanir, samtals að upphæð kr. 4442.50.

Samdægurs og kyrrsetningunni lauk samþykkti ákærður vixil fyrir eftirstöðvunum samkvæmt yfirliti J. E. Thomsens Efterf. kr. 2379.90 til greiðslu 30. sept. Jafnframt gaf J. E. Thomsen út svolátandi yfirlýsingu:

„Ovenstaaende Saldo paa kr. 2379.90 er i Dag betalt með Vexel pr. 3% 1939, sikret med Fangstandel i framtidig Fangst ifølge Anvisning af i Dag, og jeg erklærer herved, at Mellemværendet med Hr. Thorlacius er opgjort indtil i Dag.“

Vixill þessi var ekki greiddur.

Um útgerð skipsins Henry Freeman og greiðslur ákærðs á aflahlut skipseiganda eftir þenna tíma eru fullnægjandi upplýsingar ekki fyrir hendi.

Rétturinn lítur svo á, að með yfirlýsingu sinni hinn 31. ágúst hafi J. E. Thomsen fallið frá refsikröfu út úr misferli því, er ákærður þá kann að hafa verið orðinn sekur um gagnvart honum,

sbr. 256. gr. almennra hegningarlaga 1869. Um eftirfarandi viðskipti þeirra vegna útgerðarinnar liggja hins vegar ekki fyrir upplýsingar, eins og nú var sagt.

Við áðurgreinda kyrrsetningargerð kom fram, að ákærður hafði átt inneign hjá Steindóri Hjaltalín útgerðarmanni, er annaðist greiðslur fyrir ákærðan og tók sumpart á móti andvirði veiðinnar. En daginn áður hafði hann ávísað Jóni Björnssyni frá Hól kr. 1800.00 af þeirri upphæð. Við kyrrsetninguna gaf Jón eftir kr. 1000.00 af ávísun sinni, og runnu þær til J. E. Thomsens Efterf.

Það er upplýst af frásögn þeirra Jóns og ákærðs, að ákærður skuldaði Jóni áðurgreinda upphæð. Hafði ákærður fengið peningalán hjá Jóni, er hann var að koma af stað útgerð sinni, og lofaði að endurgreiða það af tekjum útgerðarinnar. Verður ekki talið sannað, að ákærður hafi með útgáfu ávísunarinnar til Jóns, eins og á stóð, gerzt sekur um sviksamlegt athæfi.

Eins og áður er sagt, hélt ákærður ekki bókhald um rekstur sinn. Hefur það valdið því, að ekki hefur reynzt unnt að fá yfirlit um viðskipti hans né heldur gera sér fullnægjandi grein fyrir einstökum atriðum þeirra, er ástæða hefði verið til að taka til rannsóknar. Varðar það brot hans við 1. gr. sbr. 2. gr. og 20. gr. laga nr. 62 1938 um bókhald og 262. gr. almennra hegningarlaga 1940, sbr. 264. gr. 2. mgr. almennra hegningarlaga 1869. Með tilliti til þess, hversu stórfelld vanræksla hans er og afdrifarík fyrir möguleika þess að gera sér grein fyrir rekstri hans og viðskiptum, þylur refsing hans hæfilega ákveðin varðhald í 60 daga.

Þá ber og að dæma ákærðan til að greiða allan kostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns hér fyrir réttinum, hrm. Garðars Þorsteinssonar, er ákveðast kr. 400.00.

Rannsókn mál þessa hófst fyrir lögreglurétti hinn 16. okt. 1940. Málið var dómtekið hinn 16. febrúar s.l., og lagði verjandi þá fram vörn sína. Í tilefni af vörninni lét rétturinn framkvæma á ný bókhaldslega athugun um nokkur atriði í rekstri ákærðs, og hefur dómsuppsögn dregið af þeim orsökum. Rannsókn málsins varð langdregin m .a. af því, að vitni í málinu er búsett á Siglufirði, og þangað varð að leita reikningslegra upplýsinga. Þess ber og að geta, að eigendur skipa þeirra, er ákærður gerði út, og mundu hafa orðið höfuðvitni í málinu, eru erlendir menn, sem ekki hafa orðið kvaddir til að gefa upplýsingar.

#### Þvi dæmist rétt vera:

Ákærður, Jósep Magnússon Thorlacius, sæti varðhaldi í 60 daga.

Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns hér fyrir réttinum, Garðars Þorsteinssonar hrm., kr. 400.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.